

Skipulags- og mannvirkjanefnd - 662 (12.11.2025) - Hvítisandur. Ósk um umsögn vegna beiðni um undanþágu frá skipulagsreglugerð

Málsnúmer	: 2025110057
Málsaðili	: Félags- og húsnæðismálaráðuneyt
Niðurstaða (stutt)	: Lagt fram
Fundardagur	: 12.11.2025
Inngangur	: Lögð fram umsagnarbeiðni frá félags- og húsnæðisráðuneyti, dags. 30. október 2025, vegna erindis Runólfs Ágústssonar, f.h. Hvítasands ehf., dags. 10. október 2025, þar sem farið er þess á leit að ráðherra veiti undanþágu frá skipulagsreglugerð nr. 90/2013, sbr. 13. mgr. 45. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skv. 5.3.2.14. gr. skipulagsreglugerðar 90/2013, Skipulag við vötn, ár og sjó segir að utan þéttbýlis skal ekki reisa mannvirki nær vötnum, ám eða sjó en 50 m. Með vísan til 13. mgr. 45. gr. skipulagslaga er þess farið hér með á leit að Ísafjarðarbær veiti ráðuneytinu umsögn sína um beiðni þessa og sendi ráðuneytinu eigi síðar en 20. nóvember 2025.
Niðurstaða	: Skipulags- og mannvirkjanefnd hefur farið yfir umsagnarbeiðni frá félags- og húsnæðisráðuneyti, dags. 30. október 2025, vegna erindis Runólfs Ágústssonar, f.h. Hvítasands ehf., dags. 10. október 2025, þar sem óskað er eftir undanþágu frá ákvæði 5.3.2.14 gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013, sbr. 13. mgr. 45. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Nefndin gerir ekki athugasemd við að ráðherra veiti umbeðna undanþágu, þó með þeim skilyrðum að frágangur svæðis verði vandaður, röskun á náttúru og æðarvarpi haldið í lágmarki og tekið verði tillit til sjávarfalla og mögulegrar hækkunar sjávar við hönnun og staðsetningu mannvirkja. Tryggja skal aðgengi almennings að útivistarperlum í Ísafjarðarbæ.